

við frv. til laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

Frá allsherjarnefnd.

1. Til viðbótar 5. gr. komi:

Dómsmálaráðherra getur sett í reglugerð kröfur um vörslu hleðslutækja (þar með talið hvellhettur og púður). Þá getur hann sett í reglugerð kröfur um nægilega kunnáttu handhafa skotvopnaleyfis til þess að fara með hleðslutæki og ákvæði um, að til þess þurfi sérstakt leyfi lögreglustjóra.
2. 1. málsg. 6. gr. orðist svo:

Leyfi samkv. 5. gr. má aðeins veita þeim einstaklingum, sem fullnægja skilyrðum í 2. málsg. 15. gr. þessara laga.
3. Við 10. gr.
  - a. 1. og 2. málsg. greinarinnar orðist svo:

Leyfi samkv. 1. mgr. 9. gr. má aðeins veita þeim einstaklingum, sem hafa verslunarleyfi, fullnægja skilyrðum 2. mgr. 15. gr. þessara laga og hafa sérþekkingu á þeim vörum, sem þar um ræðir.

Leyfi samkv. 1. mgr. 9. gr. má aðeins veita skrásettu firma eða félagi, sem hefur verslunarleyfi, enda tilnefni firmað eða félagið mann, sem fullnægir skilyrðum 2. mgr. 15. gr. og hefur sérþekkingu á umræddum vörum, og hafi umsjón með daglegri verslun og ábyrgist vörslu varanna ásamt stjórnendum firmans eða félagsins.
  - b. Niðurlag 4. mgr. greinarinnar hljóði svo:

Dómsmálaráðherra setur reglur um slíkt húsnæði og um vörslu varanna.
4. Svo hljóðandi viðbótarákvæði komi aftan við 11. gr.:

Nú er húsnæði, framleiðsluháttum eða vörslu varanna ábótavant að mati lögreglustjóra, og getur hann þá til bráðabirgða lagt hald á skotvopn, skotfæri, skotelda eða sprengiefni, enda geri hann dómsmálaráðuneytinu tafarlaust aðvart um þá framkvæmd.
5. Við 20. gr.
  - a. Til viðbótar 2. mgr. greinarinnar komi ný mgr., svo hljóðandi:

Ef ástæða er til að ætla, að maður hafi brotið framangreind ákvæði, getur lögreglan fært hann til læknis til rannsóknar, þ. á m. blóð- og þvag-rannsóknar, og er honum þá skylt að hlíta þeirri meðferð, sem læknirinn telur nauðsynlega vegna rannsóknarinnar.
  - b. 3. mgr. greinarinnar, sem verður 4. mgr., hljóði svo:

Eigi má hleypa af skoti á vegum, yfir vegi, úr ökutæki á ferð, á almannafæri eða annars staðar, þar sem hætta getur stafað af, nema nauðsyn krefji.
6. Aftan við 22. gr. komi svofelld viðbót:

Þegar skotvopn og skotfæri eru ekki í notkun, skulu skotvopn annars vegar og skotfæri hins vegar geymd í aðskildum læstum hirslum. Dómsmálaráðherra setur reglur um vörslu skotvopna og skotfæra.